

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 3/2021

Kæra Hagsmunasamtaka heimilanna fyrir hönd Guðjóns Styrkárssonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 67/2020 frá 28. desember 2020.

1. Þann 5. júní 2021 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 3/2021: Kæra Hagsmunasamtaka heimilanna fyrir hönd Guðjóns Styrkárssonar á ákvörðun Neytendastofu frá 28. desember 2020. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Eiríkur Hauksson og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 22. janúar 2021, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu er laut að því að Frjálsi fjárfestingabankinn hf. hefði brotið gegn 2. mgr. 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með því að tilgreina ekki í skilmálum um endurskoðun vaxtaálags við hvaða aðstæður vaxtaálag gæti breyst og að Arion banki hf. hefði brotið gegn 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með breytingu á vöxtum neytendaláns á grundvelli ófullnægjandi vaxtabreytingaskilmála lánsins. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest að öðru leyti en því að einnig verði lagt bann við því að Arion banki hf. breyti vöxtum samkvæmt hinum umdeildu skilmálum með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994.
3. Málið varðar beitingu laga nr. 121/1994 sem nú eru úr gildi fallin. Kæruheimild var að finna í 2. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 3. mgr. 29. gr. núgildandi laga nr. 33/2013 um neytendalán, sbr. einnig 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi, dags. 12. júní 2018, barst Neytendastofu kvörtun af hálfu kæranda vegna skilmála og upplýsinga í tengslum við verðtryggð húsnæðislán Frjálsa fjárfestingabankans hf. Í kvörtuninni er rakið að þann 8. mars 2005 hafi kærandi tekið húsnæðisveðlán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Kærandi hafi gefið út tvö veðskuldabréf tryggð með veði í íbúð sinni, verðtryggð til 40 ára með mánaðarlegum afborgunum samkvæmt svokallaðri jafngreiðsluáðferð. Bæði skuldabréfin hafi borið 3,5% grunnvexti að viðbættu 0,65% vaxtaálagi, eða samtals 4,15% vexti. Skilmálar skuldabréfanna hafi að öðru leyti verið á stöðluðu formi sem bankinn hafi notað á þeim tíma.
5. Í 4. tölulið skilmála skuldabréfanna var að finna svohljóðandi ákvæði: „VAXTAENDURSKOÐUN. Kröfuhafa er heimilt að liðnum 5 árum frá útgáfudegi, og þar á eftir á 5 ára fresti, að endurskoða ofangreint vaxtaálag til hækkunar eða lækkunar á vöxtum. Ákveði kröfuhafi að breyta vaxtaálagi verður skuldara tilkynnt um það og ástæður þess tilgreindar. Vilji skuldari ekki una breytingunni er honum heimilt að greiða upp skuldina, án uppgreiðslugjalds, með

því vaxtaálagi sem í gildi var fram að breytingunni, enda greiði hann skuldina að fullu innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar kröfuhafa.“

6. Samhliða lánveitingunni voru útbúnar greiðsluáætlanir vegna skuldabréfanna þar sem fram komu útreikningur og sundurliðun afborgana án verðbóta, ásamt þeirri heildarfjárhæð sem greiða skyldi, árlegri hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnaði. Eins voru gefnar út kaupnótur vegna skuldabréfanna með nánari sundurliðun lántökukostnaðar. Þessar upplýsingar voru reiknaðar miðað við þær forsendur að vextir og önnur gjöld myndu verða óbreytt til loka lánstímans og verðbólga á lánstímanum yrði 0%. Í erindi kæranda til Neytendastofu kom fram að hann hefði ávallt greitt af lánunum í samræmi við greiðslutilkynningar bankans eða síðari kröfuhafa og staðið í fullum skilum af þeim.
7. Þann 23. maí 2013 tilkynnti Arion banki hf. að bankinn hefði tekið við þjónustu lánanna en síðar varð bankinn kröfuhafi þeirra. Í erindi kæranda kemur fram að svo virðist sem bankinn hafi í apríl 2015 hækkað vexti lánanna úr 4,15% í 4,35%. Þann 15. júlí 2015 hafi leiðréttingu samkvæmt lögum nr. 35/2014 um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána verið ráðstafað til lækkunar á eftirstöðvum annars lánsins.
8. Af hálfu kæranda voru gerðar tvenns konar athugasemdir vegna háttsemi kröfuhafa. Í fyrsta lagi taldi kærandi að upplýsingagjöf Frjálsa fjárfestingarbankans hf. í greiðsluáætlun um útreikning og sundurliðun afborgana hefði verið ófullnægjandi þar sem hún hefði verið sett fram án verðbóta, ásamt þeirri heildarfjárhæð sem greiða skyldi, árlegri hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnaði. Vísaði kærandi í þessu samhengi til 4.-7. töluliðar 1. mgr. 6. gr. og 12. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán og úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 23. febrúar 2015 (5/2014).
9. Þá voru í öðru lagi gerðar athugasemdir við skilmála um vaxtaendurskoðun. Taldi kærandi að Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. hefði brotið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með því að tilgreina ekki í framangreindum lánsamningum við hvaða aðstæður vextir gætu breyst. Vísaði kærandi í þessu samhengi til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 19. júní 2015 (20/2014) og dóms Hæstaréttar Íslands þann 12. október 2017 í máli nr. 623/2016. Ákvæði skilmála lánsamnings kæranda væri nánast eins orðaður og það sem tekist hefði verið á um í umræddu dómsmáli.
10. Með vísan til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 121/1994, sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 57/2005, fór kærandi þess á leit að Neytendastofa tæki afstöðu til þess hvort Frjálsi fjárfestingabankinn hf. hefði brotið gegn ákvæðum laganna með því að hafa ekki tekið tillit til verðbóta við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og setja þess í stað inn 0% verðbótaforsendu við útreikninginn og framlagningu upplýsinga til kæranda. Þá var óskað afstöðu stofnunarinnar til þess hvort bankinn hefði brotið gegn ákvæðum laganna með því að tilgreina ekki í skilmálum umræddra lánsamninga við hvaða aðstæður vextir myndu breytast. Loks hvort Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., eða eftir atvikum síðari kröfuhafi, hefði brotið gegn g. lið 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 með því að hækka vexti á lánum kæranda í apríl 2015 á grundvelli ólögðra skilmála um vaxtaendurskoðun í umræddum lánsamningum.

11. Kærandi óskaði eftir að Arion banka hf. yrði bannað að breyta vöxtum samkvæmt 4. tölulið skilmála lánsamningsins, sem og annarra samninga með samskonar skilmálum, ef fallist yrði á framangreind kvörtunarefni að einhverju eða öllu leyti.
12. Neytendastofa tók mál kæranda til rannsóknar og aflaði upplýsinga frá Arion banka hf. vegna þess. Stofnunin tók síðan ákvörðun í máli kæranda þann 12. júní 2019. Þar komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. hefði ekki brotið gegn upplýsingaskyldu sinni skv. 4.-7. tölulið 1. mgr. 6. gr. eða 12. gr. laga nr. 121/1994 að því er varðaði framsetningu verðbóta í greiðsluáætlun, árlega hlutfallstölu kostnaðar eða heildarlántökukostnað.
13. Að því er varðaði ákvæði skilmála skuldabréfs kæranda um endurskoðun vaxta var í ákvörðun Neytendastofu komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri ágreiningur um að skilmálarnir brytu að þessu leyti gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 þar sem fullnægjandi upplýsingar skorti um þær aðstæður sem vaxtaendurskoðun geti byggt á. Komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að Frjálsi fjárfestingabankinn hf. hefði brotið gegn umræddum ákvæðum og að vaxtahækkun væri ekki heimil á grundvelli skilmálans. Með sömu tilvísunum taldi Neytendastofa ekki þörf á frekari rökstuðningi um þennan lið málsins eða um hvort einstakar vaxtahækkunar brytu gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.
14. Loks sagði í hinni kærðu ákvörðun að eftirlit Neytendastofu með ákvæðum laga nr. 121/1994 væri allsherjarréttarlegs eðlis og að stofnunin leysti ekki úr einkaréttarlegum ágreiningi, s.s. um uppgjör á kröfum eða skuldbindingum aðila. Það félli því utan valdsviðs Neytendastofu að taka ákvörðun er varðaði einkaréttarlegt uppgjör milli neytanda og lánveitanda ef gerðar hefðu verið vaxtahækkunar á lánstímanum á grundvelli skilmála skuldabréfs um vaxtaendurskoðun sem brytu gegn ákvæðum laga nr. 121/1994. Slíkan ágreining þyrftu aðilar að semja um sín á milli, leggja málið fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálaframtækni eða fá leyst úr því álitaefni fyrir dómstólum. Þá lægi fyrir að umrædd skuldabréf hefðu verið samin af Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. sem ekki væri starfræktur og ekkert gæfi til kynna að skilmálar nýrra sambærilega lána eða skuldabréfa væru með sama hætti eða að upplýsingagjöf Arion banka hf. væri haldin sömu annmörkum. Af þessum ástæðum, að teknu tilliti til samstarfsvilja Arion banka hf. og með hliðsjón af niðurstöðu málsins teldi Neytendastofa ekki tilefni til að grípa til frekari aðgerða gagnvart Arion banka hf.
15. Kærandi kærði framangreinda ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála með bréfi, dags. 8. júlí 2019. Kærandi krafðist þess að niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar yrði staðfest að því er varðaði það að skilmáli láns kæranda um vaxtaendurskoðun hefði brotið í bága við 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Auk þess krafðist kærandi þess að tekin yrði ákvörðun um að sami skilmáli hefði brotið í bága við 5. gr. laga nr. 57/2005 og að Arion banka hf. hefði verið óheimilt að hækka vexti á grundvelli skilmálans. Þá var þess krafist að Arion banka hf. yrði bannað að hækka vexti á grundvelli skilmálans með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 eftir því sem við ætti.

16. Að lokinni meðferð málsins kvað áfrýjunarnefndin upp úrskurð 7. október 2019 (5/2019). Í úrskurðinum er rakið að lánessamningar kæranda og Frjálsa fjárfestingabankans hf. hefðu innihaldið ákvæði um vaxtaendurskoðun sem óumdeilt væri af hálfu kæranda, Neytendastofu og Arion banka hf. að hefði farið í bága við framangreind ákvæði laga nr. 121/1994, enda ekki upplýst þar um möguleg tilefni vaxtabreytinga.
17. Að því er varðaði kröfu kæranda, um að tekin yrði afstaða til þess hvort umrætt ákvæði lánessamninga hans um vaxtaendurskoðun hefði brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, taldi áfrýjunarnefndin að ekki stæðu rök til að ógilda hina kærðu ákvörðun með vísan til þess að ekki hafi verið tekin afstaða til þessara ákvæða við meðferð málsins. Yrði að játa eftirlitsstjórnvaldi eins og Neytendastofu nokkru svigrúmi til mats á því í hvaða farveg mál skyldi lagt þegar grunur léki á að tiltekin háttsemi, sem félli undir svið stofnunarinnar, bryti gegn mismunandi ákvæðum laga. Ljóst væri og óumdeilt að umrætt vaxtaendurskoðunarákvæði hefði falið í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 121/1994. Yrði ekki séð hvaða þýðingu það hefði ef einnig væri af hálfu Neytendastofu tekin afstaða til þess hvort sama háttsemi samræmdist ákvæðum laga nr. 57/2005. Sjónarmið um skilvirkni í eftirliti hins opinbera stæðu því til þess að málinu yrði lokið á grundvelli ákvæða laga nr. 121/1994.
18. Þá fjallaði áfrýjunarnefndin um þá kröfu kæranda að kveðið yrði á um að Arion banka hf. hefði verið óheimilt að hækka vexti á grundvelli lánessamninga bankans og kæranda í apríl 2015 og að tekin yrði formleg ákvörðun um að banna bankanum að gera slíkar hækkanir í framtíðinni. Bent var á að Neytendastofa hefði talið að ekki væri þörf á að leggja slíkt bann á, enda hefði Arion banki hf. lýst því yfir að bankinn hefði sjálfur ákveðið að breyta ekki vöxtum þeirra lána Frjálsa fjárfestingabankans hf. sem innihéldu ákvæði um vexti eins og það sem var að finna í lánessamningum kæranda. Yrði því ekki séð að þörf hefði verið á því til framtíðar að leggja á það bann sem kærandi krefðist.
19. Á hinn bóginn væri til þess að líta að í upphaflegu erindi kæranda til Neytendastofu hefði verið vísað til þess að í apríl 2015 hefði Arion banki hf. hækkað vexti á grundvelli umræddra lánessamninga úr 4,15% í 4,35% og að kærandi teldi að hækkunin bryti í bága við lög. Af hálfu Arion banka hf. hefði verið vísað til þessarar vaxtahækkunar og ekki dregið í efa að hún hefði átt sér stað þótt bankinn hafnaði því að hún bryti í bága við ákvæði laga nr. 57/2005 svo sem vísað hefði verið til í upphaflegu erindi kæranda.
20. Í rökstuðningi áfrýjunarnefndarinnar kom fram að gögn málsins innihéldu ekki gögn sem vörpuðu ljósi á það hvernig staðið hefði verið að umræddri vaxtahækkun. Umfjöllun kæranda hefði á hinn bóginn gefið Neytendastofu til kynna að mögulega hefði Arion banki hf. breytt vöxtum á lánessamningum kæranda á grundvelli ákvæðis samninganna sem hefði verið í andstöðu við áskilnað 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Erindi kæranda hefði því gefið Neytendastofu tilefni til að kanna og taka afstöðu til þess hvort umrædd vaxtabreyting hefði verið í samræmi við lög og eftir atvikum beita mögulegum úrræðum gagnvart Arion banka hf. væri bankinn ósammála Neytendastofu um lögmæti breytingarinnar. Hefði enda ekki legið fyrir afstaða Arion banka hf. til þess hvort umrædd vaxtabreyting hefði verið í samræmi við lög nr. 121/1994. Yfirlýsing Arion

banka hf. um það hvernig vaxtaákvörðunum yrði hagað til framtíðar hefði ekki undanþegið fyrri háttsemi bankans eftirliti Neytendastofu á grundvelli laganna.

21. Með vísan til þessa var það niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar að rannsókn Neytendastofu á máli kæranda hefði verið ófullnægjandi, sbr. 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Var hin kærða ákvörðun því felld úr gildi og lagt fyrir Neytendastofu að taka málið til nýrrar meðferðar.
22. Neytendastofa brást við framangreindum úrskurði með því að taka málið upp að nýju. Var það gert með bréfi stofnunarinnar til Arion banka hf., dags. 5. nóvember 2019. Í bréfinu rakti stofnunin meðferð málsins og óskaði eftir skýringum eða athugasemdum bankans við erindi kæranda að teknu tilliti til úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar.
23. Svar Arion banka hf. barst með bréfi til Neytendastofu, dags. 19. desember 2019, þar sem fram kom að bankinn hefði fært inn í sín kerfi fyrir mæli um að breyta ekki vöxtum á viðkomandi lánum enda hefðu þau verið með sambærilegu vaxtaákvæði og það lán sem um ræddi í dómi Hæstaréttar Íslands frá 12. október 2017 í máli nr. 623/2016. Arion banki hf. hefði fært vexti lánanna sem málið varðaði niður í 4,15% sem væru þeir vextir sem hefðu verið á lánum þegar þau voru veitt árið 2005. Jafnframt hefði bankinn látið reikna hvað greiðandi lánanna hefði ofgreitt í vexti og upplýst lántaka um þá fjárhæð sem viðkomandi hefði ofgreitt, þar sem bankinn hefði fallist á að ekki hefði verið heimilt að breyta vöxtum í vaxtaendurskoðun árið 2015. Væri unnið að málinu.
24. Í bréfi Neytendastofu til Arion banka hf., dags. 8. maí 2020, var tiltekið að í kjölfar svarbréfs bankans hefði afgreiðsla málsins verið sett í bið hjá Neytendastofu, enda væri unnið að úrlausn málsins innan bankans. Neytendastofu hefði borist tilkynning þess efnis að sáttaumleitan aðilanna hefði ekki enn borið árangur og kærandi því gert kröfu um að afgreiðslu málsins yrði fram haldið hjá Neytendastofu. Í ljósi þeirra upplýsinga sem stofnuninni hefðu borist og að teknu tilliti til þess að liðnir væru um fimm mánuðir frá því að málið var sett í bið hjá stofnuninni teldi Neytendastofa tilefni til að taka málið upp að nýju.
25. Svar Arion banka hf. barst með bréfi, dags. 20. maí 2020, þar sem gerð var grein fyrir því að kæranda hefðu verið bættir þeir vextir sem hann ofgreiddi eftir að vextir lánanna voru hækkaðir árið 2015 auk þess sem vextir hefðu verið færðir niður í upphaflega vexti sem voru á lánum þegar þau voru veitt. Frekari samskipti áttu sér stað milli Neytendastofu og Arion banka hf. í kjölfarið. Með bréfi bankans, dags. 10. júlí 2020, áréttaði bankinn að skilmálar lánsins hefðu brotið í bága við nánar tiltekin ákvæði laga nr. 57/2005 og 121/1994. Þegar kvörtun hefði borist vegna þessa atriðis hefði bankinn strax fallist á að vaxtaákvæði skuldabréfanna hefðu ekki verið í samræmi við 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laganna. Þá féllst bankinn á að ekki hafði því verið heimilt að beita vaxtaendurskoðunarákvæði skuldabréfanna til hækkunar á vöxtum. Að öðru leyti var vísað til fyrri svara. Í kjölfar þessa tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun, dags. 28. desember 2020.
26. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar eru rakin viðeigandi ákvæði laga nr. 121/1994 auk laga nr. 57/2005. Fram kemur að af hálfu aðila málsins sé ekki ágreiningur um að skilmálar skuldabréfsins um vaxtaendurskoðun brjóti gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 þar sem skort hafi á fullnægjandi upplýsingar um þær aðstæður sem vaxtaendurskoðun geti byggt

á. Frjálsi fjárfestingabankinn hf. hafi brotið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með ófullnægjandi skilmála um þær aðstæður sem vaxtaendurskoðun geti byggt á. Af þeirri ástæðu sé vaxtahækkun ekki heimil á grundvelli skilmálans. Arion banki hf. hafi nýtt ákvæði skilmála samningsins til hækkunar vaxta í apríl 2015. Í ljósi niðurstöðu stofnunarinnar um ófullnægjandi skilmála og þar með brot gegn lögum nr. 121/1994 telji Neytendastofa breytingu vaxta á grundvelli skilmálanna stríða gegn góðum viðskiptaháttum og brjóta þannig gegn 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005. Samkvæmt gögnum málsins hafi Arion banki hf. gert leiðréttingu á hæð vaxta og þannig fallið frá umræddri vaxtahækkun. Neytendastofa telji því ekki tilefni til frekari aðgerða gagnvart bankanum að svo stöddu. Í ákvörðunarorðum hinnar kærðu ákvörðunar var hvoru tveggja vikið að brotum Frjálsa Fjárfestingabankans hf. gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 og Arion banka hf. gegn lögum nr. 57/2005.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

27. Í kæru, dags. 22. janúar 2021, er þess krafist að niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar verði staðfest en jafnframt að með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994 verði lagt verði bann við því að Arion banki hf. breyti vöxtum samkvæmt hinum umdeildu skilmálum í lánsamningum kæranda.
28. Í kærinni er bent á að með ákvörðun Neytendastofu nr. 44/2014 frá 23. september 2014 hafi verið leyst úr kvörtun er varðaði sams konar skilmála í lánsamningi Íslandsbanka hf. Með umræddri ákvörðun hafi verið lagt bann við notkun vaxtaendurskoðunarákvæðis með vísan til 26. gr. laga nr. 121/19004. Sú ákvörðun hafi verið staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 19. júní 2015 (20/2014) og loks með dómi Hæstaréttar Íslands 12. október 2017 í máli nr. 623/2016.
29. Þá byggir kærandi á því að Neytendastofa hafi fært ófullnægjandi rök í hinni kærðu ákvörðun fyrir því að leggja ekki bann við því að Arion banki hf. breyti vöxtum samkvæmt hinum umdeildu skilmálum. Einungis hafi verið vísað til þess að bankinn hafi gert leiðréttingu á hæð vaxta og þannig fallið frá umræddri vaxtahækkun.
30. Kærandi gerir einnig athugasemd við umfjöllun í hinni kærðu ákvörðun um mörk milli allsherjarréttarlegra og einkaréttarlegra úrlausna og tilvísana til samstarfsvilja Arion banka hf. Kröfur kæranda séu ekki einkaréttarlegar heldur byggðar á ákvæðum ýmissa laga sem Neytendastofa hafi allsherjarréttarlegt eftirlit með. Kæranda sé kunnugt um aðrar leiðir til að leita úrskurðar um einkaréttarlegar kröfur og sé því óþarft að blanda þeim inn í málið. Með því að fara fram á bann við því að Arion banki hf. breyti vöxtum samkvæmt hinum umdeildum skilmálum sé aðeins leitað eftir úrlausn um atriði sem sé allsherjarréttarlegs eðlis.
31. Loks mótmæli kærandi því að Arion banki hf. hafi í reynd sýnt þann samstarfsvilja sem vísað sé til í hinni kærðu ákvörðun. Lán kæranda hafi verið tekin árið 2005 en um 10 árum seinna hafi Arion banki hf. ákveðið að hækka vextina. Bankinn hafi síðan fallist á það árið 2019 að hinir umdeildu skilmálar væru ólögmatir. Þrátt fyrir það hafi vextirnir ekki verið leiðréttir eða bankinn endurgreitt ofgreidda vexti fyrr en í lok sama árs. Höfuðstóll kröfunnar hafi ekki verið endurgreiddur fyrr en 20. febrúar 2020. Sú framganga hafi ekki verið til fyrirmyndar og gefi ekki tilefni til svo vægra viðbragða við henni, né þeirrar ályktunar að nægilegt sé að treysta aðeins á fyrirheit bankans um að

breyta ekki vöxtum næstu 25 ár lánstímans, án fyrirbyggjandi úrskurðar. Einnig verði að líta til heildarhagsmuna neytenda í sambærilegri stöðu af því að eyða réttaróvissu um þetta með afgerandi hætti.

32. Með bréfi, dags. 8. febrúar 2021, óskaði áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 23. febrúar 2021. Þar gerir Neytendastofa aðallega kröfu um að kærinni verði vísað frá en til vara að hin kærða ákvörðun verði staðfest.
33. Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar Neytendastofa til þess að þótt kærandi njóti aðildar að máli Neytendastofu og hafi hagsmuni af niðurstöðu þess um það hvort skilmáli sammingsins og vaxtabreyting á grundvelli hans standist ákvæði laga nr. 121/1994 og 57/2005 hafi hann ekki beina, verulega, sérstaka og lögvarða hagsmuni af því að íþyngjandi úrræðum laga eins og banni sé beitt gagnvart Arion banka hf.
34. Að því er varðar varakröfu stofnunarinnar er vísað til þess að Arion banki hf. hafi sýnt samstarfsvilja við meðferð málsins. Bankinn hafi viðurkennt að skilmálar sammingsins brjóti gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 og lýst því yfir að leiðrétting yrði gerð gagnvart kæranda. Vandi við afgreiðslu þeirrar leiðréttingar sé meðferð málsins hjá Neytendastofu óviðkomandi og komi ekki til álita við ákvörðun um íþyngjandi úrræði. Að því er varðar það mál sem kærandi vísi til og þar sem lagt hafi verið bann við beitingu vaxtaendurskoðunarákvæðis bendir Neytendastofa á að meta þurfi aðstæður í hverju máli með tilliti til meðalhófsreglu stjórnisýslulaga. Í framangreindu tilviki hafi verið tilefni til að leggja bann við háttsemi bankans sem það mál hafi varðað þar sem umrætt mál hafi varðað tiltölulega nýja lánssamninga, skilmálarnir hafi verið samdir af þeim banka sem málið beindist gegn og ekki komið fram vilji hjá bankanum til að gera úrbætur á skilmálanum. Áfrýjunarnefndin hafi tekið afstöðu til þessa sama efnis í úrskurði sínum 7. október 2019 (5/2019). Í niðurstöðu úrskurðarins komi m.a. fram að þar sem fyrir hafi legið að Arion banki hf. hefði ekki í hyggju að breyta vöxtum lánanna yrði ekki séð að þörf væri á því að leggja á það bann sem kærandi krefðist.
35. Með bréfi, dags. 17. mars 2021, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Með bréfi nefndarinnar, dags. 15. apríl, var Arion banka hf. boðið að koma að athugasemdum sínum. Af hálfu aðila var ekki brugðist frekar við fram kominni kæru.

NIÐURSTAÐA

36. Eins og rakið er hér að framan varðar mál þetta skilmála vegna lána sem kærandi tók hjá Frjálsa fjárfestingabankanum hf. árið 2005 en af gögnum málsins verðu ráðið að Arion banki hf. hafi tekið við sem kröfuhafi þeirra árið 2013. Lög nr. 121/1994 um neytendalán voru í gildi þegar kærandi og Frjálsi fjárfestingabankinn hf. gerðu með sér þá lánssamninga er mál þetta lýtur að. Þau lög voru síðar leyst af hólmi með núgildandi lögum nr. 33/2013 um neytendalán. Það leiðir af dómi Hæstaréttar Íslands frá 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 að þrátt fyrir ófullkomin ákvæði laga nr. 33/2013 um lagaskil getur Neytendastofa á grundvelli þeirra laga haft eftirlit með því hvort upplýsingaskyldu samkvæmt lögum nr. 121/1994 hafi verið fullnægt vegna lánveitinga í tíð eldri laganna.

37. Skilmálar lánessamninga kæranda og Frjálsa fjárfestingabankans hf. er mál þetta lýtur að innihalda ákvæði þar sem kröfuhafa er veitt heimild til að breyta vöxtum lánanna. Óumdeilt er af hálfu kæranda, Neytendastofu og Arion banka hf. að umrætt ákvæði skilmálanna fari í bága við 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994, enda er þar ekki upplýst um möguleg tilefni vaxtabreytinga svo sem skylt er samkvæmt umræddum lagaákvæðum. Kærandi krefst þess að á grundvelli 26. gr. laga nr. 121/1991 verði lagt bann við því að Arion banki hf. breyti vöxtum lánanna í framtíðinni.
38. Neytendastofa krefst þess að málinu verði vísað frá áfrýjunarnefndinni með vísan til þess að kærandi eigi ekki hagsmuni af því að fá niðurstöðu nefndarinnar um það hvort Arion banka hf. verði bannað að breyta vöxtum á grundvelli umrædds ákvæðis skilmálanna. Í málinu liggur fyrir að Neytendastofa hefur tekið stjórnvaldsákvörðun í máli sem kærandi var aðili að. Kæruheimild vegna ákvarðana sem teknar voru á grundvelli laga nr. 121/1994 var að finna í 2. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 3. mgr. 29. gr. núgildandi laga nr. 33/2013 um neytendalán, sbr. einnig 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu. Áfrýjunarnefndin hefur skýrt reglur stjórnsluréttarins um aðild að stjórnslumálum þannig að neytendur geti átt aðild að málum hjá Neytendastofu vegna erinda er lúta að viðskiptum sem þeir sjálfir hafa átt við atvinnurekendur og falla undir ákvæði laga sem Neytendastofa hefur eftirlit með. Þá hefur áfrýjunarnefndin skýrt kæruheimildir um nefndina á þann hátt að neytendur geti í slíkum tilvikum átt rétt á að kæra ákvarðanir Neytendastofu um að grípa ekki til aðgerða til nefndarinnar, sbr. til hliðsjónar umfjöllun í úrskurði nefndarinnar 30. október 2014 (5/2015). Á sama hátt getur falist í þeim rétti heimild til að láta á það reyna hvort viðbrögð stofnunarinnar við erindum séu í samræmi við lög. Áfrýjunarnefndin fellst því ekki á kröfu Neytendastofu um að vísa kærinni frá nefndinni.
39. Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar 7. október 2019 (5/2019) var komist að þeirri niðurstöðu að erindi kæranda hefði gefið Neytendastofu tilefni til að taka afstöðu til þess hvort framangreind vaxtabreyting í apríl 2015 hefði verið í samræmi við lög og eftir atvikum beita mögulegum úrræðum gagnvart Arion banka hf. Vísaði nefndin til þess að ekki hefði legið fyrir afstaða Arion banka hf. til þess hvort umrædd vaxtabreyting hefði verið í samræmi við lög nr. 121/1994. Af gögnum málsins verður ráðið að í kjölfar úrskurðarins hafi Neytendastofa óskað eftir slíkri afstöðu bankans. Eins og fram kemur í bréfi Arion banka hf., dags. 19. desember 2019, hefur bankinn látið reikna hvað kærandi hefur ofgreitt í vexti á þeim grundvelli að ekki hafi verið heimilt að breyta vöxtum lánsins árið 2015. Í gögnum málsins er einnig að finna tilkynningu um millifærslu, dags. 20. febrúar 2020, frá Arion banka hf. til kæranda vegna umræddrar ofgreiðslu.
40. Af framangreindu leiðir að bætt hefur verið úr þeim annmarka sem fjallað var um í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar 7. október 2019 (5/2019). Í sama úrskurði komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þar sem Arion banki hf. hefði lýst því yfir bankinn hefði ekki í hyggju að breyta vöxtum á grundvelli umrædds ákvæðis skilmála lána kæranda hefði ekki verið þörf á að Neytendastofa legði á bann við slíkri háttsemi. Eru aðstæður nú að þessu leyti þær sömu og uppi voru í umræddum úrskurði og er því að mati nefndarinnar ekki ástæða til að leggja bann við breytingu vaxta lána kæranda, enda liggur fyrir skýr afstaða Arion banka hf. um að slíkt standi ekki til og að slíkt breyting vaxta myndi brjóta gegn ákvæðum laga nr. 121/1994. Með vísan til þessa verður hin kærða ákvörðun staðfest.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Eiríkur Hauksson

Gunnar Páll Baldvinsson